

Til nefndar um mótun stefnu um raflínur í jörð  
Iðnaðarráðuneyti  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

18. maí 2012

Það er ánægjulegt að svo mikilvægt málefni sem mótun um stefnu um raflínur í jörð sé nú á borðum stjórnvalda. Mikil ábyrgð er á herðum nefndarmanna. Landsnet fer um með hræðsluáróður og beitir ýmsum klækjabrögðum. Jarðstrengir í jörð svo dýrir að landsbúar munu ekki hafa efni á að kveikja á peru þegar slíkar framkvæmdir væru yfirstaðnar. Virkjanaframkvæmdir, stauravirki, sem jafnvel má líkja við listaverk, og háspennulínur eiga hins vegar að leiða þjóð úr kreppu.

Aldrei fyrr hefur verið jafn mikilvægt og nú að horfa til langtímahagsmuna þjóðar en ekki skammtímahagsmuna og hagnaðarsjónarmiða Landsnets og orkufreks iðnaðar. Við stærum okkur af ósnortnu, tæru og fögru landi. En hversu lengi munum við geta viðhaft slíkar yfirlýsingar ef háspennulínur og stauravirki verða á hverjum hóli? Og hvernig viljum við upplifa landið okkar og skilja við það fyrir komandi kynslóðir? Háspennulínur og stauravirki hafa ekki einungis neikvæð sjónræn áhrif heldur einnig mikil áhrif á nýtingu lands. Landið er verðmætt, fjárfestum í framtíðinni og þorum að stíga skrefið sem er í takt við okkar hreina og fagra land. Verum til fyrirmyndar. Arðsins mun þjóðin njóta um ókomna tíð.

Virðingarfyllst,  
Guðrún D. Harðardóttir, kt. 080470-5849  
Móaflöt 39, 210 Garðabæ